



Slow Food[®]

Á Íslandi

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Bláskógabyggð 23. janúar 2026
Mál nr. S-5/2026

Umsögn um drög að reglugerð um strandveiðar.

Slow Food á Íslandi samtökin fagna þeirri viðleitni að skapa sértækt regluverk um handfæraveiðar og leggja mat á mikilvægi strandveiða fyrir íslenska matarmenningu, lífríki og byggðir.

Slow Food eru alþjóðleg samtök sem starfa að því að efla sjálfbær og réttlát matvæakerfi undir leiðarljósinu *góður, hreinn og sanngjarn matur fyrir alla*. Veiðar úr villtum fiskistofnum, og þá sérstaklega smáar, staðbundnar veiðar með handfærum, falla vel að þessum grundvallargildum.

Samtökin hafa kynnt sér drög reglugerðarinnar og eru það einkunn þrjú atriði sem við viljum koma á framfæri.

1. Handfæraveiðar og áhrif á lífríki og fiskistofna

Slow Food á Íslandi vekur athygli á því að krókaveiðar með handfærum eru almennt taldar hafa minnstu neikvæðu áhrif á lífríki allra veiðiaðferða. Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á verulegan mun á umhverfisáhrifum handfæraveiða annars vegar og botntrollsveiða hins vegar, bæði hvað varðar botnrask, meðafla og losun gróðurhúsalofttegunda.

Í því ljósi telur Slow Food að það standist hvorki vistfræðileg né stefnumótandi sjónarmið að leggja þessar veiðiaðferðir að jöfnu, þannig að hvert kg af veiddum fiski sé metið sem sama álag á fiskistofna og vistkerfi, óháð veiðarfæri. Slík nálgun dregur úr hvata til vistvænni veiða og styður ekki við markmið stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Samtökin hvetja til þess að regluverk um strandveiðar endurspegli með skýrari hætti umhverfislegt forskot handfæraveiða og að litið sé til veiðiaðferða við mat á heildarálagi fiskveiða.

2. Strandveiðar sem hluti af byggðafestu

Slow Food á Íslandi leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að strandveiðar séu stundaðar víðs vegar um landið og að regluverk styðji við þátttöku smárra aðila í frumframleiðslu. Strandveiðar skapa tækifæri fyrir sjómenn til að hasla sér völl í sjálfstæðri útgerð, byggja upp atvinnu í heimabyggð og stuðla að efnahagslegri og félagslegri seiglu nærsamfélaga.

Auk þessa gegna strandveiðar mikilvægu hlutverki í að tryggja framboð af ferskum, fiski um land allt. Slíkt framboð styrkir tengsl neytenda við uppruna matvæla, eykur skilning á vertíðarbundnum afurðum og styður við íslenska matarmenningu.

Regluverk sem er um of afmarkandi hvað varðar fjölda veiðidaga, tímalengdir veiðiferða og heildarheimildir á hverju tímabili getur grafið undan þessum markmiðum. Sérstaklega vekur athygli að núverandi fyrirkomulag felur í sér svokallaðar „keppnisveiðar“, þar sem veiðar eru stöðvaðar að fullu þegar ákveðnum heildarafla er náð, óháð veðri og aðstæðum. Slíkt getur bæði aukið áhættu og dregið úr gæðum.

Slow Food telur heppilegra að horft sé til þess að hver bátur hafi heimild til veiða í fyrirfram skilgreindan fjölda daga yfir allt strandveiðitímabilið, sem nú nær frá maí til ágúst, fremur en að allir keppi sameiginlega um að klára aflann sem fyrst.

3. Gæði, markaðir og verðmætasköpun krókafisks

Slow Food á Íslandi bendir jafnframt á að krókafiskur nýtur almennt meiri eftirspurnar og hærra meðalverðs en fiskur veiddur með botntrolli, bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Þetta tengist annars vegar betri meðferð afla, ferskleika og gæðum, og hins vegar aukinni þörf markaða fyrir rekjanlegar og vistvænar veiðiaðferðir.

Veitingahúsamening á Íslandi hefur vaxið fiskur um hrygg undan farin 20 ár og hefur fiskurinn algjöra sérstöðu, matreiðslumenn vilja vinna með krókafisk til að tryggja gæði á sínum veitingastöðum.

Erlend fordæmi sýna að þegar veiðiaðferðir eru nýttar með markvissum hætti í stefnumótun og markaðssetningu, getur það styrkt verðmætasköpun til muna án þess að auka álag á fiskistofna. Slíkt samræmist vel áherslum Slow Food um að virði matvæla sé ekki einvörðungu mælt í magni, heldur einnig í gæðum, umhverfisáhrifum og samfélagslegum ávinningi.

Samtökin telja því mikilvægt að regluverk um strandveiðar taki mið af þessum þáttum og styðji við að krókaveiddur fiskur fái notið þeirrar sérstöðu sem hann hefur á markaði.

Slow Food á Íslandi hvetur stjórnvöld til að nýta tækifærið sem endurskoðun reglugerðar um strandveiðar felur í sér til að styrkja vistvænar veiðar, staðbundna verðmætasköpun og réttlátari þátttöku í fiskveiðum. Með því að horfa skýrari hætti til veiðiaðferða, umhverfisáhrifa og samfélagslegs hlutverks strandveiða má skapa regluverk sem styður bæði við náttúru, byggðir og íslenska matarmenningu til framtíðar.

Fyrir hönd Slow Food á Íslandi
Dóra Svavarsdóttir
Formaður